

www.fvb.is

Vefsíðan, www.fvb.is er öflugur samskiptavettvangur fyrir félagsmenn og aðra sem vilja fylgjast með félagsstarfinu.


Á innri vef síðunnar eru mikið af faglegu efni eingöngu ætlað félagsmönnum.

Ytri vefur:

- Tilgangur og markmið félagsins
- Starfandi nefndir og megin markmið
- Félagaskrá viðurkenndra bókara
- Upplýsingar um námskeið og viðburði
- Stjórn, nefndir og netföng
- Lög og samskiptareglur félagsins
- Endurmenntunareglur félagsmanna
- Verklagsreglur stjórnar og nefnda
- Atvinnuauðglýsingar
- Launakönnun viðurkenndra bókara
- Fréttabréf félagsins og aðrar fréttir
- Almennur póstlisti
- Nýjustu upplýsingar frá RSK

Innri vefur:

- Mínar síður, viðhald persónuupplýsinga
- Staða endurmenntunareininga
- Skráning á námskeið og viðburði
- Ýtarlegri félagaskrá
- Ráðstefnu- og námskeiðæfni
- Vinnuskjöl og ýmis eyðublöð



Hvað er FVB?

Félag viðurkenndra bókara var stofnað þann 26. janúar 2002 og gengu 33 aðilar í félagið. Síðan þá hefur félagsmönnum fjölgað ört og fer félagið sívaxandi á ári hverju.

FVB er fagfélag og þurfa félagsmenn að hafa hlotið viðurkenningu efnahags- og viðskiptaráðherra sem viðurkenndir bókarar samkvæmt 43. gr. laga nr. 145/1994.

Í viðurkenningu ráðherra felst að viðkomandi aðili hafi stundað réttindanám og staðist próf í reikningshaldi, upplýsingamiðlun ásamt lögum og reglugerðum um skattskil.



Tilgangur félagsins:

- Að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna
- Að vinna að samræmingu á vinnubrögðum félagsmanna m.a. með útgáfu og birtingu á heimasíðu félagsins um leiðbeinandi reglur um bókhald, reikningsskil og skattskil
- Að vinna að bættri þjónustu félagsmanna við viðskiptavinum sína, opinbera aðila og aðra er byggja á störfum þeirra.
- Að vinna að kynningu á starfssviði félagsmanna.
- Að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi.
- Að vera vettvangur fyrir gagnkvæm kynni félagsmanna.
- Að vinna að því að almennt aðhald sé með starfsemi og framkvæmd starfa félagsmanna.
- Að koma fram fyrir hönd viðurkenndra bókara gagnvart stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Tilgangi sínum nær félagið með reglulegum fundum félagsmanna ásamt námskeiðahaldi, eitt og sér eða í samstarfi við aðra aðila. Einnig með útgáfu fréttablaðs og annarra upplýsingarita auk samantekt á fræðslu-efni, annaðhvort með birtingu á heimasíðu félagsins eða með öðrum rafrænum hætti. Félagsmanni er skylt að sækja endurmenntun sem félagið viðurkennir til að teljast sem fullgildur félagsmaður skv. samþykktum félagsins.

Fræðslunefnd á vegum félagsins hefur umsjón með endurmenntun félagsins m. a. með námskeiðum og ráðstefnum fyrir félagsmenn samkvæmt fyrirbyggjandi verklagsreglum sem stjórnin setur.

FVB hefur einnig starfandi *Laga-, samskipta- og aganefnd* og eru aðalmarkmið þeirra:

- Að stuðla að heiðarlegum og hreinskiptum samskiptum félagsmanna.
- Að stuðla að því að félagsmenn vinni störf sín af fagmennsku, kostgæfni og samviskusemi.
- Að stuðla að góðu orðspori félagsmanna Fvb.

Skemmtinefnd félagsins stendur fyrir hinum ýmsu viðburðum sem er þáttur í að efla tengslanetið og vera um leið vettvangur fyrir gagnkvæm kynni.

